

12. apríl 2021

Berist til:

Færðslunefndar Ísafjarðarbæjar
Sviðsjóra skóla,-tómstundasviðs

Erindi:

Leikskólastjórstöður á Grænagarði og Laufási verði auglýstar með það að markmiði að fá fagmenntaða einstaklinga til starfa á leikskólastigi (sbr. ytramát MMS).

Við undirritaðar viljum hér með koma á framfæri þeirri ósk að endurskoðað verði það fyrirkomulag sem verið hefur undanfarin ár að einn skólastjóri stýri bæði leik,- og grunnskóla á Flateyri og Þingeyri.

Faglegt starf er unnið af fullum metnaði á öllum stöðum en við teljum samt sem áður að við náum ekki almennilega að halda utan um að vera þeir faglegu leiðtogar sem við viljum vera meðan ábyrgðin dreifist á tvö fremur ólík skólastig. Í skólastarfi er mikilvægt að stjórnandi sé ekki bara góður stjórnandi heldur sé hann faglegur leiðtogi. Með núverandi fyrirkomulagi reynist það okkur erfitt. Faglegur leiðtogi tekur þátt í starfi með öðrum starfsmönnum og er þar fremstur meðal jafningja.

Í fámennum skólum eins og eru í þorpunum eru verkefni skólastjóra ærin og fjölbreytt. Þegar þessar breytingar voru gerðar var barnafjöldi á leikskólunum helmingi færri en hann er í dag.

Kostnaður við þessar breytingar ætti ekki að vera mikill fyrir sveitarfélagið en gerir starfið á báðum skólastigum faglegra þar sem auðveldara er að vinna undir sama þaki.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir

(sign)

Erna Höskuldsdóttir

(sign)